

**Nr. 094 / 14 Ársæll ÁR 66*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1014 IMO nr. 6616344  
Smíðaður: Brattvaag Noregi, 1966  
Stærð: 196,9 brl. 252,8 bt.  
Mesta lengd: 34,64 m Skráð lengd: 30,30 m  
Breidd: 6,75 m Dýpt: 5,73 m  
Vél: Stork Werkspoor 589 kW, 1982  
Fjöldi skipverja: 8



Ársæll©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 7. október 2014 var Ársæll ÁR 66 á netaveiðum fyrir austan Vestmannaeyjar. Veður: 5-10 m/s og svolítill alda.

Skipverjar voru að taka inn veiðarfærin þegar einn þeirra festi hægri hendina í þeim með þeim afleiðingum að hún dróst inn á netaspilið og klemmdist þar. Öðrum skipverjum tókst að stöðva spilið fljótt og var siglt strax með slasaða til Vestmannaeyja. Slasaði hlaut minniháttar áverka.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn kvaðst hafa verið að taka inn snúning á teinunum þegar riðillinn náði að festa þumalfingur hans og draga hann inn á spilið. Hann taldi að velta sem kom á skipið hafi valdið þessu;
- að skipverjinn var vanur þessu starfi.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu.